

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja.

#### 1. gr.

18. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Með reglugerð þessari eru innleiddar eftirfarandi tilskipanir og reglugerðir:

1. Tilskipun ráðsins 96/53/EB um að ákveða leyfileg hámarksból vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/7/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 96/53/EB um að ákveða leyfileg hámarksból vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu.
3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/719 frá 29. apríl 2015 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/53/EB um að ákveða leyfileg hámarksból vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1213 frá 12. júlí 2019 um ítarleg ákvæði sem tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglna um rekstrarsamhæfi og samrýmanleika innbyggðs vigtunarbúnaðar samkvæmt tilskipun ráðsins 96/53/EB.

#### 2. gr.

Með reglugerð þessari er innleidd framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2019/1213/ESB um ítarleg ákvæði sem tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglna um rekstrarsamhæfi og samrýmanleika innbyggðs vigtunarbúnaðar samkvæmt tilskipun ráðsins 96/53/EB sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, frá 27. febrúar 2020, bls. 469-490.

#### 3. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 82. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 8. apríl 2020.*

F. h. r.

**Sigurbergur Björnsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jónas Birgir Jónasson.*